

Fundargerð 6. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði þriðjudaginn 13. janúar kl 13.30 – 15.30 í innanríkisráðuneytinu. Sérstakir gestir ráðsins voru fulltrúar flugrekanda.

Viðstaddir: Pétur K. Maack (PKM), Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Kári Gunnlaugsson (KG), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA) í símasambandi, Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Haraldur Briem (HB), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK) fulltrúi lögreglu í fjarveru SBG og JPJ og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari.

Fulltrúar flugrekanda voru: Steinn Logi Björnsson og Bjarki Sigfússon frá Bláfugli, Hörður Guðmundsson frá flugfélaginu Ernir, Árni Gunnarsson frá Flugfélag Íslands, Birkir Hólm Guðnason, Hilmar B. Baldursson og Ástþór Ingason frá Icelandair.

Fjarverandi: Björn Óli Hauksson (BÓH) sem sendi boð á fundinn um að hann væri fastur á öðrum fundi, Jón Pétur Jónsson (JPJ) og Sigríður Björk Guðjónsdóttir (SBG).

7. fundur ráðsins verður miðvikudaginn þann 28. janúar kl. 13 – hjá Verkfræðistofunni Eflu, Höfðabakka 9.

Dagskrá:

1. Kynning einstakra flugvirkarráðs meðlima (hámark 5 mín á mann).
2. Kynning á tillögu að flugvirkaráætlun Íslands fyrir árið 2015.
3. Athugasemdir og fyrirspurnir flugrekanda.
4. Verklag um samráð flugrekanda og flugvirkarráðs.
5. Staðan varðandi viðbrögð við e-bólu.
6. Önnur mál.

1. PKM og FS kynntu ráðið fyrir gestum og ítrekaði PKM að ráðið væri samráðsvettvangur ekki stjórnvald, hver stofnun sem ætti fulltrúa í ráðinu væri áfram ábyrg fyrir sínum málaflokki. Síðan kynntu meðlimir ráðsins sjálfa sig og aðkomu stofnana sinna að flugvirkarráði.
2. HSS kynnti flugvirkaráætlun fyrir 2015 ásamt fyrirhugaðri síðu um flugvirkt á heimasíðu Samgöngustofu, þar sem hægt yrði að finna upplýsingar frá fundum um flugvirkt ásamt flugvirkaráætlun.
3. Ýmsar almennar og sértækar fyrirspurnir og athugasemdir ásamt ábendingum komu frá gestunum m.a. um tilkynningar frá sóttvarnalækni til flugrekanda, íhaldssemi væri við lýði í afgreiðslu lögregluyfirvalda í Keflavík, aðstöðuleysi fyrir fragtflug, mismunun milli aðila, ekki væri hægt að fljúga beint frá Vestmannaeyjum og Ísafirði til útlanda og samskiptaerfiðleika við Ísavia.
Í svörum flugvirkarráðsmanna kom fram að svör við mörgum þessara athugasemda væri að finna hjá öðrum aðilum s.s. fagráði flugmála, notandanefnd flugvalla og ráðuneyti, flugvirkarráð ætti í raun bara að fjalla um stærri mál þar sem fleiri en tveir aðilar næðu ekki lendingu sinna mála.
4. Niðurstaða um verklag var að halda skal sérstakan fund með flugrekendum einu sinni á ári og auka upplýsingastreymi til þeirra þegar málefni sem snúa að þeim er til umfjöllunar.

5. HB vinna við viðbragðsáætlun u.þ.b. ári á eftir áætlun, starfsmenn í Keflavík fóru á æfingu í Noregi. Nú er verið að gera áætlun vegna Íslendinga sem eru að fara að vinna í V-Afríku, hvað eigi að gera þegar þeir koma heim. Þeir verða samt ekki í snertingu við sýkta einstaklinga. Sóttvarnalæknir mun framvegis senda áætlanir til flugrekenda í samráði við Samgöngustofu.

Flugrekendur víkja af fundi.

6. Önnur mál

- a. Erindi Ícelandair vegna vegabréfaeftirlits:

FS: almenningsöryggisdeild ráðuneytisins búið svara erindinu, talið öryggismál en ekki flugverndarkrafa. Málið ekki jafn borðliggjandi og kemur fram í bréfi ráðuneytisins. Er það rétt að biðja flugrekendur um að halda uppi öryggi í landinu? ÓHK: þetta var rætt á fundi í gær, ekki skilyrði að gera þetta og bannað að skoða skilríki kerfisbundið skv. persónuverndarlögum.

HSS: Skoða þarf málið út frá mismunum á milli flugrekenda.

PKM: Í andstöðu við flugvirkt að Ícelandair sé eini aðilinn sem gerir þetta, ráðið þurfi að taka afstöðu.

ÓHK: Benti á samþykki Sameinuðu þjóðanna nr. 2178 þar sem fjallað er um að hamlar ferðir hryðjuverkamanna, þetta kalli á aukið eftirlit á landamærum.

- b. Farþegalistar

ÓHK: German wings er eina flugfélagið sem ekki er að skila farþegalistum og ber við þýskum lögum.

- c. HSS: Setja aftur inn í flugvirkaráætlun verklag um samráð við flugrekendur.

- d. Sjöundi fundur ráðsins verður miðvikudaginn 28. janúar kl. 13

hjá Verkfræðistofunni Eflu, Höfðabakka 9.